

Umsögn frá Bláskógabyggð, barst Skipulagsstofnun með tölvupósti 8. janúar 2021.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði eftirfarandi á fundi sínum 7. janúar 2021:

Viðauki við landsskipulagsstefnu 2015-2026 - 2011033

Tillaga að viðbótum við landsskipulagsstefnu. Áður á dagskrá á 271. fundi. Umsagnarfrestur er til 8. janúar 2020.

Lögð er fram tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar. Í viðauka stefnunnar felst ritun kafla um:

- Skipulag á haf- og strandsvæðum
- Loftlagsmiðað skipulag
- Staðarmótun og landslagsvernd
- Heilsuvæna byggð og landnotkun

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar UTU þar sem fram kemur að nefndin telur að flest þeirra markmiða sem koma fram innan viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á Íslandi til framtíðar. Nefndin bendir þó á að ákveðin markmið stefnunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðal áhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi að geta þróast á jákvæðan hátt m.t.t. viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum, áherslum á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Samhliða hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbyltingunni. Það minnkar þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu. Í dreifbýli hafa íbúar meiri möguleika á að auka sjálfbærni með eigin ræktun og hafa að auki góðan aðgang að náttúrulegum svæðum sem gefur meiri möguleika á andlegri endurheimt og tækifærum til að ná fram lýðheilsuáætlaðum utan vinnutíma. Hófleg dreifð uppbygging byggðar með þessum áherslum án þess að um eiginlegan búskap sé að ræða getur því talist jákvæð þróun til framtíðar að mati nefndarinnar með fyrirvara um að svæðin séu í góðri tengingu við helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Nefndin telur að skoða þurfi stefnumörkun er varðar óbyggð víðerni með ítarlegri hætti.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bendir jafnframt á að gera þurfi greinarmun á uppbyggingu byggðar í þéttbýli og dreifbýli, ekki er hægt að hafa sömu viðmið hvað það varðar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hinar dreifðu byggðir landsins geti byggst upp og fengið að þróast samhliða hugsanlegum breytingum í landbúnaði og tæknibreytingum. Þá vill sveitarstjórn vekja athygli á því að skoða þurfi vel greiningu og kortlagningu á óbyggðum víðernum. Sveitarfélög þurfi að koma að þeirri vinnu og útfærslum með beinum hætti. Að lokum vill sveitarstjórn að það komi skýrt fram að Landskipulagsstefnan er til leiðbeiningar og að mið verði tekið af henni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og því megi ekki setja fram stefnu sem bindur skipulagsgerð þeirra um of. Sveitarstjórn gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við drög að viðbótum við Landskipulagsstefnu á þessu stigi málsins. Sveitarstjórn þakkar Skipulagsstofnun fyrir góða kynningu og aðkomu að breytingum að Landskipulagsstefnu 2015-2026.